



ENOR

Enor ehf. | s. 430 1800 | www.enor.is



Sveitarfélagið Skagaströnd
Endurskoðunarskýrsla 2023

	<i>Bls.</i>
<i>Endurskoðun ársins</i>	<i>3</i>
<i>Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar</i>	<i>4 - 5</i>
<i>Ársreikningur sveitarfélagsins</i>	<i>6 - 13</i>
<i>Reikningshaldslegt mat</i>	<i>14 - 15</i>
<i>Notkun reikningsskilaaðferða</i>	<i>16</i>
<i>Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti</i>	<i>17</i>
<i>Önnur mikilvæg atriði</i>	<i>18</i>

Endurskoðun ársins 2023

Akureyri, 10. maí 2024

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar

Við höfum lokið endurskoðun okkar á ársreikningi Sveitarfélagsins Skagastrandar fyrir árið 2023. Markmið endurskoðunarinnar er að skila sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum óháðu álit á reikningsskilum sveitarfélagsins. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Í álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins segir: Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Að endurskoðuninni komu eftirtaldir starfsmenn Enor:

Niels Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi
Óttar Ingi Oddsson, viðskiptafræðingur

Við þökkum stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins alla þá aðstoð sem okkur var veitt. Ef upp vakna spurningar um endurskoðunina eða niðurstöður hennar þá hvetjum við stjórn eða stjórnendur til þess að hafa samband við okkur.

Virðingarfyllst,

Enor ehf.



Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Tengiliðir hjá ENOR:

Niels Guðmundsson

Löggiltur endurskoðandi

Netfang: niels@enor.is

Sími: 430 1806

Gsm: 851 1806

Óttar Ingi Oddsson

Viðskiptafræðingur

Netfang: ottar@enor.is

Sími: 430 1819

Gsm: 851 1819

Enor ehf.
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
s. 430 1800

enor@enor.is | www.enor.is

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar

Markmið endurskoðunarinnar sem unnin var í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), er að veita óháð álit á því hvort ársreikningur sveitarfélagsins gefi glögga mynd af afkomu þess á árinu, efnahag í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreiknings

- Að leggja mat á líkur þess að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum skekkju, sviksemi eða mistaka (útfrá áhættumati).
- Að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla til að tryggja með nægjanlegri vissu að ársreikningur sé án verulegra annmarka.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

- Að framsetning ársreiknings sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
- Að við færslu á bókhaldi og samningu ársreiknings sé beitt viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.
- Að koma upp og annast innra eftirlit sveitarfélagsins, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, varðveita eignir þess og tryggja að farið sé að lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Tilgangur og framkvæmd endurskoðunar

Helstu þættir í framkvæmd endurskoðunar

Áhættumat:

- Greining og mat á hættunni á verulegri skekkju í ársreikningnum.
- Felst í upplýsingaöflun og framkvæmd áhættumatsaðgerða.
- Áhættumatið leggur grunninn að umfangi og framkvæmd endurskoðunaraðgerða.

Innra eftirlit:


- Við öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, fókusinn er á innra eftirliti sem tengist fjárhagsupplýsingum.
- Mat okkar á innra eftirliti hefur áhrif á áhættumat í þeim tilgangi að hanna viðeigandi aðgerðir.
- Sjá upplýsingar um helstu þætti í ferlum og innra eftirliti á bls. 17 í skýrslunni.

Mikilvægismörk:

- Ákvörðun mikilvægismarka er mikilvægur hluti af ferli áhættumats og skipulagningar í endurskoðun. Í samhengi mikilvægismarka eru upplýsingar í ársreikningi taldar mikilvægar ef þær eru taldar hafa áhrif á þær efnahagslegu ákvarðanir sem lesendur taka á grundvelli upplýsinga í ársreikningi.
- Heildar mikilvægismörk í verkefninu voru skilgreind kr. 15,8 millj. eða 2,0% af rekstrartekjum. Í samhengi við heildarmikilvægismörkin eru sett fram mörk fyrir óleiðréttar skekkjur sem voru skilgreind sem 5% af heildarmörkunum eða kr. 634 þús.
- Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur yfir framangreindum mörkum eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.

Framsetning ársreiknings (heild):

- Að meta hvort reikningsskilaaðferðir sem eru notaðar séu viðeigandi.
- Að yfirfara hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft og byggt á eðlilegum forsendum.
- Að yfirfara reikninsskilin í heild með tilliti til framsetningar og þess hvort skýringar séu fullnægjandi og rétt fram settar.
- Það er mat okkar að félagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.



Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstrarreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2023	Áætlun m. viðaukum	2022	2023	Áætlun m. viðaukum	2022
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	388.488	393.705	377.119	382.450	387.667	370.907
Framlög jöfnunarsjóðs	202.391	192.747	166.633	202.391	192.747	166.633
Aðrar tekjur	133.071	131.047	123.639	264.213	263.475	254.596
	723.950	717.499	667.390	849.054	843.889	792.135
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	370.917	371.153	342.064	392.001	390.592	363.806
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	36.101	19.510	4.806	36.101	19.510	4.806
Annar rekstrarkostnaður	395.435	390.231	352.021	416.176	417.984	372.424
Afskriftir	32.643	35.483	29.273	52.320	57.943	46.506
	835.096	816.377	728.164	896.598	886.029	787.542
Rekstrarniðurst. fyrir fjárm. liði	(111.147)	(98.878)	(60.774)	(47.545)	(42.140)	4.593
Fjármagnsliðir	9.951	7.935	8.067	770	(13.365)	(3.964)
Rekstrarniðurstaða ársins	(101.195)	(90.943)	(52.707)	(46.775)	(55.505)	629
Kostnaðarliðir í hlutfalli af tekjum:						
Laun og launatengd gjöld	51%	52%	51%	46%	46%	46%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	5%	3%	1%	4%	2%	1%
Annar rekstrarkostnaður	55%	54%	53%	49%	50%	47%
Stærðir í rekstri pr. íbúa:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	1.286	1.276	1.183	1.273	1.263	1.170
Aðrar tekjur	290	285	269	575	573	554
Laun og launatengd gjöld	807	808	744	853	850	792
Annar rekstrarkostnaður	861	849	766	906	910	810
Fjármagnsliðir	22	17	18	2	(29)	(9)

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 849,1 millj. á árinu 2023 og hækka um kr. 56,9 millj. eða 7,2% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 0,6% yfir áætlun ársins 2023 ef með eru teknir viðaukar ársins sem gerðu ráð fyrir kr. 52,1 millj. viðbótartekjum frá upphaflegri áætlun fyrir árið.

- Útsvarstekjur hækka um kr. 3,3 millj. milli ára eða 1,0%.
- Fasteignaskattar og lóðaleiga hækka um kr. 8,1 millj. milli ára eða 23,1%
- Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 35,8 millj. milli ára eða 21,5%. Mest er hækkunin á útgaldajöfnunarframlaginu eða kr. 17,3 millj.
- Aðrar tekjur hækka um kr. 9,4 millj. milli ára eða 7,6%.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 392,0 millj. á árinu 2023 og hækka um kr. 28,2 millj. eða 7,7%. Liðurinn er í heild mjög vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 12,4 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar. Hlutfall launa af rekstrartekjum helst óbreytt milli ára og er 46%.

Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga var um kr. 36,1 millj. sem er um kr. 16,6 millj. yfir áætlun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 9,8% milli ára. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingum hjá LSR hækkaði úr 59,7% í 61,7% milli ára. Við bættist ný skuldbinding vegna Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð kr. 6,0 millj.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 416,2 millj. á árinu 2023 og hækkar um kr. 43,8 millj. eða 11,7%. Liðurinn er vel í takti við áætlun ársins en samþykkir viðaukar námu kr. 23,0 millj. vegna viðbótartekjagjalda frá upphaflegri áætlun fyrir árið. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af rekstrartekjum hækkar milli ára úr 47% í 49% hjá A og B hluta.

Afskriftir

Afskriftir A og B hluta námu kr. 52,3 millj. og hækka aðeins milli ára.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Frávik frá áætlun ársins 2023 (í þús kr.)

	Áætlun			
	Rauntölur	með viðaukum	Frávik	Frávik %
Skatttekjur	606.412	601.985	4.427	1%
Félagsþjónusta	(86.416)	(86.687)	271	0%
Fræðslu- og uppeldismál	(339.909)	(330.159)	(9.750)	3%
Menningarmál	(16.577)	(16.984)	407	-2%
Æskulýðs- og íþróttamál	(64.975)	(66.046)	1.071	-2%
Brunamál og almannavarnir	(16.337)	(16.829)	492	-3%
Hreinlættismál	(2.213)	(3.450)	1.237	-36%
Skipulags- og byggingamál	(2.140)	(1.766)	(373)	21%
Umferðar- og samgöngumál	(9.848)	(14.630)	4.782	-33%
Umhverfismál	(12.159)	(10.130)	(2.029)	20%
Atvinnumál	(16.198)	(12.385)	(3.812)	31%
Sameiginlegur kostnaður	(81.500)	(86.150)	4.649	-5%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	(36.101)	(19.510)	(16.591)	85%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	15.549	13.532	2.017	15%
Aðalsjóður samtals	(62.412)	(49.208)	(13.204)	27%
Eignasjóður	(23.640)	(26.971)	3.331	-12%
Þjónustumiðstöð	(15.143)	(14.763)	(379)	3%
A hluti samtals	(101.195)	(90.943)	(10.252)	11%
Hafnarsjóður	14.317	1.474	12.843	871%
Vatnsveita	14.899	10.715	4.183	39%
Félagslegar íbúðir	21.001	23.348	(2.347)	-10%
Fráveita	10.082	8.858	1.224	14%
Félagsheimili	(5.879)	(8.957)	3.078	-34%
B hluti samtals	54.420	35.438	18.982	54%
A og B hluti samtals	(46.775)	(55.505)	8.730	-16%

Afkoma sveitarfélagsins, A- og B hluta og samanburður við áætlun

Ársreikningur Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs, og samantekin reikningsskil sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur sveitarfélagsins er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, eignum og skuldum er eytt út.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2023 um kr. 101,2 millj. samanborið við kr. 90,9 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta var neikvæð á árinu 2023 um kr. 46,8 millj. samanborið við kr. 55,5 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 8,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 16,6 millj. til hækunar á rekstrarafkomu ársins (tekjur umfram gjöld).

Helstu frávik frá áætlun með viðaukum voru:

- Útvarstekjur ársins voru kr. 5,5 millj. undir áætlun en framlög jöfnunarsjóðs voru kr. 9,6 millj. yfir áætlun.
- Fræðslu- og uppeldismál – kostnaður vegna Hjallastefnunnar var kr. 7 millj. yfir áætlun.
- Umferðar- og samgöngumál – kostnaður vegna snjómoksturs var undir áætlun.
- Atvinnumál – gjaldfærður var á árinu kostnaður vegna sjóbaðaverkefnis en ekki var gert ráð fyrir því í áætlun.
- Sameiginlegur kostnaður – þjónustutekjur voru yfir áætlun og aðkeypt sérfræðiþjónusta undir áætlun.
- Lífeyrisskuldbindingar – launahækkar, hækkan á hlutdeild og ný skuldbinding vegna Brúar lífeyrissjóðs skýra neikvætt frávik vegna lífeyrisskuldbindinga.
- Hafnarsjóður – tekjur Hafnarsjóðs voru yfir áætlun, m.a. aflaggjöld og bryggjuggjöld auk þess sem afskriftir og rekstrarkostnaður var undir áætlun. Launakostnaður var á móti aðeins yfir áætlun.
- Vatnsveita – tekjur af vatnsskatti voru umfram áætlun og verkkaup og viðhald voru undir áætlun.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á rekstrarniðurstöðu málaflokka og samanburð við áætlun ársins 2023 með viðaukum.

Ársreikningur sveitarfélagsins

Tekjustofnar sveitarfélagsins

Útsvarstekjur sveitarfélagsins hækkuðu um kr. 3,3 millj. eða 1,0% milli árunna 2022 og 2023 og voru kr. 5,5 millj. eða 1,6% undir fjárhagsáætlun. Íbúafjöldi sveitarfélagsins hefur aðeins verið að dragast saman á síðustu árum og það er áhyggjuefni að útsvarstekjur sveitarfélagsins nái ekki að halda í við launaþróun.

Tekjur vegna fasteignaskatta hækka milli ára um kr. 8,1 millj. eða 23,1% en álagningastofn sveitarfélagsins hækkaði um 17,8% milli álagningar 2022 og 2023.

Framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækka um kr. 35,8 millj. eða 21,5% milli árunna 2022 og 2023. Framlög frá jöfnunarsjóði eru kr. 9,6 millj. yfir áætlun ársins en hækkun er á öllum liðum frá jöfnunarsjóði milli ára.

Aðrar tekjur A-hluta hækka um kr. 9,4 millj. milli ára og eru í takti við áætlun ársins.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig tekjustofnar A-hlutans greinast samanborið við áætlun og fyrri ár.

Tekjustofnar A-hluti (í þús. kr.)

	2023	Áætlun með viðaukum	2022	2021	2020	2019
Útsvar	345.195	350.671	341.937	301.456	298.196	284.765
Fasteignaskattur, lóðaleiga	43.293	43.034	35.182	34.020	35.869	34.056
Framlag úr jöfnunarsjóði	202.391	192.747	166.633	141.349	141.484	185.222
Aðrar tekjur	133.071	131.047	123.639	112.208	98.268	82.957
	723.950	717.499	667.390	589.033	573.816	587.000

Framlög úr jöfnunarsjóði (í þús. kr.)

	2023	Áætlun með viðaukum	2022	2021	2020	2019
Framlag vegna útgjaldajöfnunar	86.315	81.745	69.026	57.084	49.780	85.302
Framlag vegna grunnskóla	69.378	67.190	64.063	57.491	62.237	64.555
Framlag vegna fasteignaskatts	36.398	34.730	30.810	23.674	23.801	26.972
Önnur framlög	10.299	9.082	2.734	3.100	5.665	7.257
	202.391	192.747	166.633	141.349	141.484	184.087

Ársreikningur sveitarfélagsins

Rekstur aðalsjóðs

Útgjöld til málaflokka í aðalsjóði, önnur en fjármagnsliðir og framlag vegna lífeyrirsskuldbindinga námu kr. 764,4 millj. á árinu 2023 samanborið við kr. 697,5 millj. á árinu 2022. Hækkun milli ára er kr. 66,9 millj. eða 9,6%. Fjármagnsliðir eru jákvæðir hjá aðalsjóði og hækka vegna hás vaxtastigs og verðbólgu á árinu 2023. Gjaldfærsla vegna lífeyrirsskuldbindinga hækkar nokkuð milli ára en hún var frekar lág á árinu 2022 samanborið við fyrri ár.


Útgjöld stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála hækka nokkuð eða um kr. 38,5 millj. milli ára en kostnaður við rekstur grunnskólans hækkar um kr. 18,0 millj. milli ára (nettó kr. 19,5 millj. að teknu tilliti til endurgreiðslna frá Skagabyggð og annarra tekna) og rekstur leikskólans hækkar um kr. 18,9 millj. (nettó kr. 14,6 millj. að teknu tilliti til endurgreiðslna frá Skagabyggð). Útgjöld vegna Félagsþjónustu hækka um kr. 15,4 millj. milli ára vegna samstarfsverkefna sveitarfélagsins í málaflokknum. Sameiginlegur kostnaður hækkar um kr. 13,3 millj. milli ára og er sú hækkun mest vegna launakostnaðar.

Útgjöld málaflokka (í þús. kr.)

	2023	2022	2021	2020	2019	2018
Aðalsjóður:						
Félagsþjónusta	87.978	72.614	65.517	46.943	44.040	34.906
Fræðslu- og uppeldismál	395.983	357.493	326.075	303.469	278.086	277.947
Meningarmál	16.990	19.587	19.757	18.874	19.270	16.957
Æskulýðs- og íþróttamál	77.411	77.260	70.699	69.109	66.848	61.693
Brunamál og almannavarnir	20.413	21.454	9.104	7.999	6.743	5.843
Hreinlætismál	23.298	24.291	20.935	18.893	17.376	17.759
Skipulags- og byggingarmál	2.440	3.701	3.562	3.666	3.380	4.183
Umferðar- og samgöngumál	10.895	8.955	10.931	13.476	12.687	10.226
Umhverfismál	12.159	9.092	7.746	10.638	10.179	8.746
Atvinnumál	16.811	16.273	14.072	16.266	11.078	11.325
Sameiginlegur kostnaður	100.058	86.803	80.222	70.679	93.403	75.015
	764.435	697.524	628.621	580.011	563.089	524.600
Fjármagnsliðir	(15.549)	(13.948)	(7.227)	(10.510)	(10.320)	(23.652)
Breyting lífeyrirsskuldbindinga	36.101	4.806	46.883	26.569	15.548	9.573
Aðalsjóður samtals	784.987	688.382	668.277	596.069	568.316	510.521

Ársreikningur sveitarfélagsins

Útgjöld málaflokka í aðalsjóði í hlutfalli af rekstrartekjum A-hluta



Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2023	2022	2023	2022
Fastafjármunir				
Fasteignir og hafnarmannvirki	651.754	611.332	1.060.586	1.027.864
Veitukerfi	0	0	187.324	110.703
Gatnakerfi	147.417	156.156	147.417	156.156
Vélar, áhöld og tæki	42.342	50.569	43.840	52.182
Eignarhlutir í félögum	54.091	54.091	54.091	54.091
Fyrirframgreiddur kostnaður	16.456	17.238	16.456	17.238
	<u>912.061</u>	<u>889.387</u>	<u>1.509.714</u>	<u>1.418.234</u>
Veltufjármunir				
Óinnheimtar tekjur	112.189	74.240	121.781	80.835
Fyrirframgreiddur kostnaður	783	783	783	783
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	307.506	249.055	0	0
Aðrar skammtímakröfur	36.373	23.066	37.087	23.650
Handbært fé	87.482	233.728	87.540	234.863
	<u>544.332</u>	<u>580.872</u>	<u>247.191</u>	<u>340.130</u>
Eignir samtals	<u>1.456.394</u>	<u>1.470.259</u>	<u>1.756.905</u>	<u>1.758.364</u>
Lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	2,21	2,63	2,70	3,56
Heildareignir pr. íbúa	3.187	3.057	3.844	3.656

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 92,3 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.439,2 millj. í árslok 2023.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 35,3 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 119,8 millj. en afskriftir námu kr. 52,3 millj.

Á árinu var seld ein íbúð hjá félagsíbúðum og nam söluverði kr. 26,5 millj. og söluhagnaður kr. 16,1 millj.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3, skrifstofur - endurbætur kr. 13,0 millj.
- Hafnarmannvirki kr. 9,2 millj. en á móti kom 2,7 millj. ríkisframlag
- Fráveitukerfi kr. 121,0 millj. en á móti kom 40,3 millj. ríkisframlag
- Fellsborg kr. 11,8 millj.

Fyrirframgreiddur kostnaður

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærast á 20 – 30 árum.

Óinnheimtar tekjur

Staða óinnheimtra tekna hækkar um kr. 40,9 millj. milli ára sem má að stórum hluta rekja til hárra krafna í árslok 2023 á Ríkissjóð Íslands vegna styrks til fráveituframkvæmda og Vegagerðina vegna framlags vegna vinnu við göngustíg.

Aðrar skammtímakröfur

Meðal annarra skammtímakrafna er eignfærður fyrirframgreiddur kostnaður vegna verkefna sem eru í gangi og sveitarfélagið á von á endurgreiðslum vegna. Meðal þessara verkefna eru fuglaskoðunarhús og verk í Spákonufellshöfða. Staða vegna undirbúnings framkvæmda við Sjóböð á Skagaströnd hefur verið færð niður á undanförunum árum og stendur í árslok 2023 í kr. 5,0 millj. Óvissa er um það hvort sveitarfélagið geti endurheimt þennan kostnað og því hefur þessi staða verið færð niður (gjaldfærð).

Handbært fé og veltufjárhlutfall

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 147,3 millj. milli árana 2022 og 2023. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu og hefur nýtt rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram nokkuð gott en það lækkar þó nokkuð milli ára úr 3,6 í árslok 2022 í 2,7 í árslok 2023.

Ársreikningur sveitarfélagsins



Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2023	2022	2023	2022
Eigið fé				
Eiginfjárreikningur	949.945	1.015.862	1.312.975	1.324.472
Langtímaskuldir og skuldbindingar				
Lífeyrisskuldbinding	259.831	233.635	259.831	233.635
Skuldir í íslenskum krónum	0	0	92.525	104.753
	259.831	233.635	352.356	338.387
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir	42.780	40.880	42.780	40.880
Næsta árs afborganir af langtímask.	0	0	5.496	5.513
Skuldir við eigin fyrirtæki	166.640	137.524	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	37.197	42.358	43.298	49.112
	246.618	220.762	91.574	95.505
Skuldir samtals	506.448	454.397	443.930	433.893
Skuldir og eigið fé samtals	1.456.394	1.470.259	1.756.905	1.758.364
Lykiltölur				
Eiginfjárlutfall	65%	69%	75%	75%
Skuldahlutfall skv. reglum um fjárh.viðm.	23%	3%	11%	-1%
Eigið fé pr. íbúa	2.079	2.199	2.873	2.867
Skuldir og skuldbindingar pr. íbúa	1.108	984	971	939

Eiginfjárreikningur

Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 11,5 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 46,8 millj. kemur til lækkunar á eigin fé en á móti er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 35,3 millj. Eiginfjárlutfall samstæðunnar stendur í stað milli ára og er 75% í árslok.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 26,2 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 9,1 millj. en gjaldfærð hækkan og aðrar breytingar námu kr. 35,3 millj. Nánari umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar er á bls. 16 í skýrslunni.

Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 12,2 millj. milli ára en þær voru kr. 98,0 millj. í árslok samanborið við kr. 110,3 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra hafa verið mjög hagstæð. Vextir lánanna eru á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir en verðbólga hefur á móti verið mjög há á árunum 2022 og 2023 sem að hefur áhrif á reksturinn. Eitt skuldabréf var gert upp á árinu vegna eignar sem var seld. Egin lántaka var gerð á árinu 2023.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var komið í 11% í árslok 2023 samanborið við -1% í árslok 2022. Heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu og er það helst lækkun veltufjármuna (handbærs fjár) sem að skýrir hækkan á skuldahlutfallinu milli ára.

Ársreikningur sveitarfélagsins

B-hluta fyrirtæki

Hafnarsjóður

Hagnaður ársins nam kr. 14,3 millj. samanborið við kr. 19,9 millj. í hagnað árið 2022.

Rekstrartekjur ársins voru kr. 64,1 millj. samanborið við kr. 68,4 millj. árið áður. Aflagjöld drögust aðeins saman milli ára en þau námu kr. 38,6 millj. samanborið við kr. 43,8 millj. árið 2022.

Rekstrargjöld Hafnarsjóðs hækka um kr. 1,2 millj. milli ára eða 2,5%. Launakostnaður dregst aðeins saman milli ára en hækkun er á öðrum kostnaðarliðum.

Fjárfestingar Hafnarsjóðs á árinu voru kr. 9,2 millj. og á móti þeim komu framlög frá hafnarbótasjóði að fjárhæð kr. 2,7 millj.

Staða Hafnarsjóðs er áfram góð, eigið fé stóð í kr. 307,7 millj. í árslok og var eiginfjárlutfallið 99,0%, og því aðeins óverulegar skuldir á Hafnarsjóði. Krafa Hafnarsjóðs á aðalsjóð hækkaði um kr. 13,6 millj. milli ára og stóð í kr. 133,9 millj. í árslok.

Vatnsveita og fráveita

Hagnaður var á rekstri Vatnsveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 14,9 millj. samanborið við kr. 10,2 millj. í hagnað árið 2022. Tekjur vegna vatnsgjalds hækka nokkuð og viðhaldskostnaður var undir áætlun. Eiginfjárstaða Vatnsveitunnar í árslok var kr. 54,8 millj. og eiginfjárlutfallið 100,0%.

Hagnaður var á rekstri Fráveitunnar á árinu að fjárhæð kr. 10,1 millj. samanborið við kr. 9,6 millj. hagnað árið 2022. Fjárfestingar hjá Fráveitunni námu kr. 80,7 millj. á árinu 2023 og var bókfært virði fráveitukerfa kr. 165,8 millj. í árslok. Á móti auknum fjárfestingum hjá fráveitunni hefur skuld við aðalsjóð hækkað og var hún kr. 92,2 millj. í árslok. Eiginfjárstaða Fráveitunnar í árslok var kr. 73,7 millj. og eiginfjárlutfallið 44,4% samanborið við 71,9% í ársbyrjun.

Félagslegar íbúðir

Hagnaður var á rekstri Félagslegra íbúða á árinu að fjárhæð kr. 21,1 millj. samanborið við kr. 19,8 millj. hagnað árið 2022. Tekjur ársins námu kr. 38,2 millj. samanborið við kr. 38,9 millj. árið 2022. Söluhagnaður vegna seldra íbúða nam kr. 16,1 millj. á árinu 2023 samanborið við kr. 17,0 millj. á árinu 2022. Kostnaður við rekstur fasteignanna hækkar aðeins milli ára þrátt fyrir að íbúðum hafi verið að fækka.

Ein íbúð var seld á árinu og voru 13 íbúðir í rekstri hjá Félagslegum íbúðum í árslok 2023. Bókfært verð þessara 13 íbúða var kr. 155,1 millj. í árslok 2023 eða um kr. 11,9 millj. að meðaltali á hverja íbúð. Fasteignamat íbúðanna var í árslok 2023 kr. 211,7 millj. sem var um kr. 56,7 millj. yfir bókfærðu verði þeirra. Brunabótamat íbúðanna var í árslok 2023 kr. 570,2 millj.

Áhvílandi lán á íbúðunum námu samtals kr. 98,0 millj. í árslok 2023 sem er að meðaltali um kr. 7,5 millj. á hverja íbúð en lánin eru einu langtímaskuldir samstæðunnar við þriðja aðila í árslok 2023.

Eiginfjárstaða Félagslegra íbúða var í árslok 2023 kr. 24,3 millj. og eiginfjárlutfallið var 15,5%.

Félagsheimilið Fellsborg

Tap ársins nam kr. 5,9 millj. samanborið við kr. 6,1 millj. tap árið 2022. Tekjur voru kr. 5,6 millj. og hækkuðu um kr. 2,3 milli ára. Rekstrargjöld félagsheimilisins fyrir afskriftir hækkuðu úr kr. 4,0 millj. í kr. 6,2 millj.

Eigið fé félagsheimilisins var í árslok 2023 neikvætt um kr. 97,4 millj. og var uppsöfnuð skuld við sveitarsjóð komin í kr. 184,3 millj. Við ítrekum þá ábendingu okkar að viðteljum rétt að félagsheimilið verði lagt niður sem B-hluta fyrirtæki, fasteignin færð inn í Eignasjóð og hún rekin þar með innri leigu frá Aðalsjóði. Önnur lausn væri að færa annaðhvort framlag frá aðalsjóði eða útbúa skuldabréf milli aðalsjóðs og félagsheimilisins til þess að jafna viðskiptastöðuna og færa svo árlega framlög frá aðalsjóði til félagsheimilisins til þess að núlla rekstur ársins.

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat viðskiptakrafna

Mat viðskiptakrafna sveitarfélagsins var yfirfarið með stjórnendum sveitarfélagsins.

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2023 hjá A-hluta nam kr. 11,2 millj. sem var um 9,1% af útistandandi kröfum í árslok, samanborið við kr. 7,5 millj. og 9,2% í ársbyrjun. Niðurfærsla hjá A og B-hluta nam kr. 14,7 millj. sem var 10,8% af útistandandi kröfum samanborið við kr. 9,9 millj. í ársbyrjun og 10,9%.

Sértæk niðurfærsla er færð þar sem verulegur vafi þykir á innheimtu en auk þess er almenn niðurfærsla tekin á kröfum sem ekki voru niðurfærðar sértækt.

Niðurfærsla krafna hækkar milli ára sem má að stórum hluta rekja til niðurfærslu óinnheimtra útsvarstekna sem að hækka nokkuð milli ára en færð er frekar há niðurfærsla á móti óinnheimtum útsvarstekjum eða 80%. Almenn hefur innheimta krafna gengið vel hjá sveitarfélaginu.

Niðurstaða

Við teljum að mat viðskiptakrafna í árslok 2023 sé í samræmi við reikningskilareglur og matsaðferðir í fyrri uppgjörum.

Viðskiptakröfur - A hluti (í þús. kr.)	2023	2022
Viðskiptakröfur	123.388	81.766
Niðurfærsla krafna	(11.199)	(7.526)
Viðskiptakröfur nettó	112.189	74.240
Niðurfærsla í %	9,1%	9,2%
Viðskiptakröfur - A- og B hluti (í þús. kr.)	2023	2022
Viðskiptakröfur	136.480	90.761
Niðurfærsla krafna	(14.699)	(9.926)
Viðskiptakröfur nettó	121.781	80.835
Niðurfærsla í %	10,8%	10,9%

Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Mat eignarhluta í félögum

Mat á eignarhlutum sveitarfélagsins í félögum var yfirfarið.

Bókfært verð eignarhluta í félögum hjá sveitarfélaginu var kr. 54,1 millj. í árslok. Engin breyting er á eignarhlutum sveitarfélagsins á árinu og ekki þótti ástæða til þess að hreyfa við niðurfærslu eignarhluta.

Skoðuð voru uppgjör ársins 2022/2023 fyrir félögin og ef miðað er við hlutdeild sveitarfélagsins í eigin fé þeirra þá er þörf á niðurfærslu vegna Hólaness og Nes listamiðstöðvar sem að niðurfærsla eignarhluta í árslok dekkar að mestu leyti. Aðrir eignarhlutir eru færðir á lægra verði en hlutdeild í eigin fé segir til um.

Hér til hliðar má sjá sundurliðun á bókfærðu verði eignarhluta.

Niðurstaða

Við teljum að eignarhlutir sveitarfélagsins séu hæfilega metnir í árslok 2023.

Eignarhluti í félögum skal færa á kostnaðarverði í aðalsjóði en eignarhlutir sem flokkast sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu færðir upp miðað við hlutdeild í samstæðureikningi.

Meðhöndlun byggðasamlaga og dótturfélaga er með óbreyttum hætti í uppgjöri 2023.

Eignarhlutir í félögum (í þús. kr.)	Bókfært verð	
	31.12 2023	31.12 2022
Ámundakinn ehf	10.250	10.250
Hólanes ehf	24.500	24.500
Nes Listamiðstöð ehf	9.000	9.000
Sjávarlíftækniatrið BioPol ehf	7.000	7.000
Lánasjóður Sveitarfélaga ohf	25.957	25.957
Aðrir sjóðir	1.885	1.885
Niðurfærsla eignarhluta	(24.500)	(24.500)
	<u>54.091</u>	<u>54.091</u>

Notkun reikningsskilaaðferða

Lóðir og lendum

Samkvæmt álit frá reikningsskilanevnd sveitarfélaga skulu sveitarfélög meta lóðir og lendum sem þau hafa leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi eignasjóðs. Lóðir og lendum eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti og matsbreyting færð ef gangvirði hefur vikið verulega frá bókfærðu virði. Í árslok 2023 standa eignfærðar lóðir og lendum í kr. 242,3 millj. Mat á lóðum og lendum er byggt á uppreikningi lóðaleigutekna. Nokkur hækkun var á lóðaleigutekjum milli álagningar 2023 og 2024 og er færð matsbreyting á lóðir og lendum að fjárhæð kr. 35,3 millj. á árinu 2023 sem að endurspeglar þá hækkun. Endurmatsbreyting á lóðum og lendum kemur ekki í rekstur heldur er hún færð yfir eigið fé.

Lífeyrisskuldbindingar

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Skuldbindingin felur í sér áætlaðan hlut sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingu starfsmanna Sveitarfélagsins Skagastrandar í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, annarra en grunnskólakennara. Hluttur sveitarfélagsins er nú áætlaður 61,7% sem er nokkuð hærra hlutfall en árið áður þegar það var 59,7% hlutdeild.

Árið 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrisréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Við breytingarnar voru réttindi tryggð með sérstökum framlögum launagreiðenda til Brúar lífeyrissjóðs. Staða vegna þessa uppgjörðs á lífeyrisskuldbindingum við Brú lífeyrissjóð er færð upp sem krafa í ársreikningi sveitarfélagsins undir fyrirframgreiddum kostnaði, sem var bókfærð á kr. 16,5 millj. í árslok 2023. Á árinu 2023 lá svo fyrir að halli á tryggingafræðilegri stöðu Brúar lífeyrissjóðs væri umfram 10% lögbundin viðmið. Í framangreindum lögum var ákveðið að áunninn réttindi þeirra sem höfðu náð sextugsaldri við gildistöku laganna eða höfðu hafið töku lífeyris skyldu tryggð og myndu hvorki hækka né lækka upp frá því. Kváðu lögin á um að það kæmi í hlut launagreiðenda, ríkis og sveitarfélaga að standa undir tryggingunni. Brú lífeyrissjóður hefur hafið innheimtu framlaga frá sveitarfélögum vegna þess hóps sem falla undir framangreinda reglu. Í samræmi við álit sem kom frá reikningsskila- og upplýsinganefnd er uppreiknuð skuldbinding vegna þessa gjaldfærð í ársreikningi sveitarfélagsins og færð upp með öðrum lífeyrisskuldbindingum í árslok 2023. Fjárhæð þessarar viðbótarskuldbindingar var kr. 6,0 millj. í árslok 2023.

Byggðasamlög og annar samrekstur

Samkvæmt reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þá skal færa byggðasamlög og annan samrekstur sem er á ábyrgð sveitarfélaga inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð. Sveitarfélagið Skagaströnd er aðili að nokkrum byggðasamlögum/samrekstri og ber samkvæmt samþykktum þessara aðila hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Í skýringu nr. 13 er gerð grein fyrir stöðu þeirra byggðasamlaga/samreksturs sem sveitarfélagið er aðili að en reikningsskil þeirra hafa þó ekki verið tekin inn í samstæðureikning sveitarfélagsins. Öll framlög til byggðasamlaga/samreksturs hafa verið gjaldfærð í rekstri sveitarfélagsins og því ætti þetta frávík að okkar mati ekki að hafa veruleg áhrif á reikningsskilin.

Mat á notkun reikningsskilaaðferða

Við höfum yfirfarið reikningsskilin með tilliti til laga um ársreikninga og annarra laga og reglna sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir fráviki varðandi byggðasamlög og samrekstur hér að ofan en að öðru leyti þá er það mat okkar að sveitarfélagið noti reikningsskilaaðferðir sem eru í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og aðrar settar reikningsskilareglur.

Niðurstöður yfirferðar á innra eftirliti

Eftirlitsumhverfi og innra eftirlit

Farið var yfir eftirlitsumhverfið og lykilkætti í innra eftirliti. Viðhorf stjórnenda til innra eftirlits er að okkar mati jákvætt.

Aðgreining starfa

Aðgreining starfa er takmörkuð sökum fjölda starfsfólks á skrifstofu en stjórnendur sveitarfélagsins hafa að okkar mati verið vel meðvitaðir um þennan veikleika. Mikilvægt er þó að okkar mati að minnast áfram á þetta í endurskoðunarskýrslunni og benda á að aðrar eftirlitsaðgerðir þurfa að koma til móts við þetta, m.a. aðhald sveitarstjóra með starfsmönnum í bókhaldi og eins aðhald sveitarstjórnar með rekstrinum.

Starfsmannabreytingar voru á skrifstofu sveitarfélagsins á síðari hluta ársins 2023 þegar sveitarstjóri fór í orlof. Þessar breytingar hafa haft áhrif á bókhald sveitarfélagsins sem var ekki komið eins langt við upphaf endurskoðunar og undanfarin ár. Þetta er eðlilegt þegar nýjir aðilar eru að koma sér inn í ný hlutverk og öðlast reynslu.

Aðfangafæri

Farið var yfir samþykktarferli á rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Tekið var úrtak úr hreyfingum á gjaldalykla og athugað hvort reikningar og önnur fylgiskjöl væru til staðar og hvort skráning væri í lagi. Sveitarfélagið er með rafrænt samþykktarferli í fjárhagskerfinu en farið var yfir samþykkt reikninga samhliða úrtaksskoðun á kostnaði. Einhver frávik komu fram við yfirferð á samþykktarferlinu en heilt yfir teljum við ferlið vera virkt.

Launaferli

Farið var yfir lykilkætti í launaferlinu samhliða úrtaksskoðun á launum. Launamál virðast almennt vera í góðum farvegi, gott skipulag er á launavinnslu og launagögnum.

Lykilkættir í eftirlitsumhverfi	Mat á eftirlitsumhverfi
<ul style="list-style-type: none">ÁhættumatViðhorf stjórnenda til innra eftirlits og stjórnunarstillUpplýsingar og samskiptiStjórnendaeftirlitEftirlitsaðgerðir	Miðað við eðli og umfang starfseminnar þá teljum við að eftirlitsumhverfi sveitarfélagsins og áhættumat sé í eðlilegum farvegi.

Önnur mikilvæg atriði

Samkvæmni við lög og reglur

Við höfum yfirfarið helstu lög og reglur sem gilda um reikningsskilin og starfsemina og lagt mat á það hvort uppgjör sveitarfélagsins væri í samræmi við reglurnar.

Við höfum við endurskoðun okkar ekki komið auga á nein frávik eða brot á lögum og reglum sem gilda um reikningsskil eða starfsemi sveitarfélagsins.

Staðfesting á óhæði

Við staðfestum hér með óhæði okkar gagnvart sveitarfélaginu. Okkur er ekki kunnugt um nein tengsl á milli ENOR eða starfsmanna ENOR og sveitarfélagsins sem að okkar faglega mati gætu skert óhæði okkar sem endurskoðanda sveitarfélagsins.

Mismunir og skekkjur

Engir óleiðréttir mismunir eða skekkjur eru til staðar við lok endurskoðunarinnar, samkvæmt okkar vitneskju.